

Menntaskólinn á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði
Deiliskipulag

Breyting á deiliskipulagi, Eyrarlandsvegur 31.

Breyting á deiliskipulagi fellst í eftirfarandi:




- Heimilt verður að rífa núverandi hús við Eyrarlandsveg 31 og byggja nýtt hús á lóðinni.
- Stærð núverandi húss er 165,5 m² en gert er ráð fyrir að heildar byggingarmagn nýbyggingar geti verið allt að 250 m². Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar því úr 0,358 í 0,540.
- Húsaröðin við Eyrarlandsveg 27-35 er undir hverfisvernd í gildandi deiliskipulagi og eru rökin fyrir því staða húsanna hvað varðar byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi og umhverfisgildi þeirra. Í skilmálum hverfisverndar kemur m.a. fram að ekki megi breyta útliti eða formi húsa frá upprunalegu útliti og formi þeirra. Þá kemur fram að breytingar skulu ganga út frá þeirri meginstefnu að þær styrki yfirbragð byggðarinnar en veiki hana ekki eða gangi gegn henni.
- Sú breyting er gerð á hverfisverndarákvæðum að heimilt er að byggja nýtt hús á lóðinni við Eyrarlandsveg 31, en þeir skilmálar settir að nýbygging taki mið af útliti núverandi húss og falli inn í götumynd Eyrarlandsvegar 27-35.
- Mænishæð núverandi húss er u.þ.b. 6,3 m yfir gólfi 1. hæðar en heimilt er að hafa nýbyggingu 0,5 m hærri svo að lofthæðir samræmist gildandi byggingarreglugerð. Mænishæð nýbyggingar er því að hámarki 6,8 m yfir gólfi 1. hæðar. Gólfkóti 1. hæðar nýbyggingar skal vera sá sami og gólfkóti 1. hæðar núverandi húss.
- Þakhalli núverandi húss er 35,4° og þakhalli húsa í húsaröðinni við Eyrarlandsveg 27-35 er á bilinu 33-40°. Þakhalli nýbyggingar skal vera því á bilinu 33-40°.
- Kjallari er undir núverandi húsi og er heimilt að hafa kjallara undir nýbyggingu.
- Ekki er bílastæði innan lóðar við núverandi hús en heimilt verður að gera 2-3 bílastæði á lóðinni með aðkomu frá Barðstúni.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 01.09.2016.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGID HEFUR
MÁLSMEDFERÐ SKV. 2. MGR. 43 GR. SKIPULAGSLAGA NR.
123/2010 VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGSRÁÐI ÞANN _____

BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í
B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____



HLUTI AÐALSKIPULAGS AKUREYRAR 2018-2030


SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆDIS
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARREITIR
- BÍLASTÆÐI INNAN ÍBÚÐARLÓÐA (STAÐSETNING EKKI BINDANDI)
- BÍLASTÆÐI
- GÖTUR
- GÖNGUSTÍGAR / STÉTTAR
- EINSTEFNUMFERÐ
- UPPHÆKKANIR / GANGBRAUTIR
- NÚV. TRJÁGRÖÐUR INNAN LÓÐAR MA
- KVÖÐ UM TRJÁGRÖÐUR
- STYTTUR / LISTAVERK
- KVÖÐ UM GÖNGUSTÍG
- KVÖÐ UM LAGNALEID
- ADKOMA SLÖKKVILÐS
- HÁSPENNUSTRENGUR
- STOFNLOGN HITAVEITU
- STOFNLOGN VATNSVEITU
- AFMÖRKUN 30 KM SVÆDIS
- AFMÖRKUN 50 KM SVÆDIS


HÆDARFJÖLDI	LÓÐARSTÆRÐ
NYTINGARHLUTFALL	

AKUREYRAR-BÆR-MENNTASKÓLINN Á AK. OG AÐLIGGJ. ÍBÚÐARSV.
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA
EYRARLANDSVEGUR 31

KVARDI-A3: 1:1000	TEIKN NR.: 001
DAGS: 07.05.2019	HANNAÐ: Ól / il
FLOKKUR: 6000	TEIKNAD: Ól / il
SKRÁ:	VERKNR.: 19068



GILDANDI DEILISKIPULAG, ÖÐLAÐIST GILDI 01.09.2016



BREYTT DEILISKIPULAG